

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	6.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðlaug Vala Smáradóttir	<b>Staðsetning</b>	733858,42 539323,093

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki kom fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin ábending um úrbætur var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöðin á Seyðisfirði er með nýtt starfsleyfi sem gefið var út 31. janúar 2018 og gildir í fjögur ár. Eftirlit stöðvarinnar hófst á fundi með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og farið var yfir kröfur sem breyttust með nýju starfsleyfi.

Sest yfir gögn sem borist hafa síðan síðast var komið í eftirlit. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin og skýrslur vottunaraðila á umhverfisstjórnunarkerfi og innra eftirlits rekstraraðila. Allir olúgeymar hafa verið þykktarmældir á síðustu tíu árum. Eins hafa allar lagnir utan þróar verið þrýstiprófaðar.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Skráningar í stöðinni eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Engar bilanir eru skráðar í rekstrarhandbók, en skráð er viðhald, s.s. þegar endurnýjaðar eru tengislöngur og tengi, handslökkvitæki og annar búnaður skoðaður og yfirfarinn. Engin mengunaráhöpp hafa verið skráð frá síðustu eftirlitsheimsókn og ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar.

Olíudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi og nær vottunin til allra starfstöðva félagsins. Í síðustu skýrslu vegna endurvottunar á olíubirgðastöðinni á Seyðisfirði frá október 2017, voru ekki gerðar athugasemdir við mengunarvarnir stöðvarinnar né eftirlitskerfi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskilja. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin ábending um úrbætur var gerð við stöðina.

## ANNAÐ

Fráviki úr síðasta eftirlit (2015 - 537) er lokað en skráningar með eftirliti og þjónustu við olíuskilju er nú í lagi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 27.09.2018

Gottskálk Friðgeirsson